# Þriðjudagur 13. júní



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Veistu hver Tung er?** Lokaþáttur. Tung er vietnamskur strákur sem býr í Noregi. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir. Þulur Halldór Lárusson. (Nordvision – Norska sjónvarpið).
18.15 **Freddi og félagar (15).** Þýsk teiknimynd. Þýðandi Óskar Ingimarsson. Leikraddir Sigrún Waage.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Fagri-Blakkur.** Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.20 **Leðurblökumaðurinn** (Batman). Bandarískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Trausti Júlíusson.
19.45 **Tommi og Jenni.**
19.55 **Átak í landgræðslu.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Tónsnillingar í Vínarborg.** (Man and Music – Classical Vienna). Fjórði þáttur – Byltingatíð. Breskur heimildarmyndaflokkur í sex þáttum. Á sama tíma og Napóleon ryður hugmyndum frönsku byltingarinnar braut í Evrópu brýtur Beethoven tónlistinni nýtt land í Vín. Þýðandi og þulur Þorsteinn Helgason.
21.30 **Frá örbirgð til allsnægta.** Sambandslýðveldið Þýskaland 40 ára. Umsjón Arthúr Björgvin Bollason.
22.00 **Launráð** (Act of Betrayal). Lokaþáttur. Breskur myndaflokkur í fjórum þáttum. Aðalhlutverk Elliot Gould, Lisa Harrow, Patrick Bergen og Bryan Marshall. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Bylmingur.**
18.00 **Bílaþáttur Stöðvar 2.** Kynntar verða nýjungar á bílamarkaðnum, skoðaðir nokkrir bílar og gefin umsögn um þá. Umsjón, kynningu og dagskrárgerð annast Birgir Þór Bragason.
18.30 **Íslandsmótið í knattspyrnu.**
19.19 **19:19.** Fréttaflutningur ásamt fréttatengdu efni.
20.00 **Alf á Melmac.** Alf Animated. Bráðfyndin teiknimynd með geimálfinum Alf og fjölskyldu hans heima á Melmac. Leikraddir: Karl Ágúst Úlfsson, Saga Jónsdóttir, Örn Árnason og fl.
20.30 **Visa-sport.** Skemmtilega léttur og blandaður þáttur með svipmyndum víðs vegar að. Umsjón: Heimir Karlsson.
21.25 **Óvænt endalok.** Spennuþættir með mjög svo óvæntum endalokum.
21.55 **Lengi lifir í gömlum glæðum.** Violets Are Blue. Kevin Kline og Sissy Spacek fara með hlutverk ungs fólks sem reynir að endurheimta glataða menntaskólaást. Ýmislegt er því til fyrirstöðu að þau megi eigast, meðal annars það að hann er kvæntur og búinn að koma sér vel fyrir í heimabæ þeirra en hún er einhleyp og mikil flökkukind. Aðalhlutverk: Sissy Spacek, Kevin Klein, Bonny Bedelia og John Kellogg.
23.20 **Næturvaktin.** Night shift. Eldfjörug gamanmynd um tvo frumlega félaga sem ætla sér að auðgast á heldur vafasömum forsendum.
1.00 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Bragi Skúlason flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Randveri Þorlákssyni.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Hanna María eftir Magneu frá Kleifum. Bryndís Jónsdóttir les (7.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Vestfjörðum. Umsjón: Finnbogi Hermannsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Tónlist til lækningar. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan** – Í sama klefa eftir Jakobínu Sigurðardóttur. Höfundur les (6.)
14.00 **Fréttir.** Tikynningar.
14.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Gunnar Reyni Sveinsson tónlistarmann sem velur eftirlætislögin sín. (Einnig útvarpað aðfaranótt sunnudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Umhverfis jöðina á 33 dögum.** Síðari þáttur. Umsjón: Anna Ólafsdóttir Björnsson: (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Í dag heimsækir Barnaútvarpið börn á sumarnámskeiðum í Reykjavík. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist eftir Wolfgang Amadeus Mozart.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn:** Hanna María eftir Magneu frá Kleifum. Bryndís Jónsdóttir les (7.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Kirkjutónlist** – Olsson, Mendelsohn, Frank og Gounad. –
21.00 **Verðbólgumenning.** Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson (Endurtekinn frá fimmtudegi úr þáttaröðinni Í dagsins önn.)

Rás I
FM 92,4/93,5

21.30 **Útvarpssagan:** Papalangi – hvíti maðurinn. Erich Scheurmann skrásetti frásögnina eftir pólýnesíska höfðingjanum Tuiavii. Árni Sigurjónsson lýkur lestri þýðingar sinnar.
22.00 **Fréttir.** .
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Leikrit vikunnar:** Draugaskip leggur að landi eftir Bernhard Borge. Framhaldsleikrit í fimm þáttum, annar þáttur: Makt myrkranna. Leikstjóri: Karl Ágúst Úlfsson. Þýðing: Margrét E. Jónsdóttir. Leikendur: Halldór Björnsson, Eggert Þorleifsson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Guðbjörg Thoroddsen, Valgeir Skagfjörð, Hallmar Sigurðsson, Sigurður Karlsson, Arnar Jónsson og Hanna María Karlsdóttir. (Einnig útvarpað næsta fimmtudag kl. 15.03.)
23.15 **Tónskáldatími.** Guðmundur Emilsson ræðir við Ilkka Oramo, forseta rannsóknarstofnunar tónvísinda við Sibeliusar akademíuna í Helsinki.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. Rugl dagsins kl. 9.25. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30 Sérþarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.05 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir og Ævar Kjartansson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum. – Þjóðarsálin, þjóðfundur í beinni útsendingu kl. 18.03.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Sigrún Sigurðardóttir og Atli Rafn Sigurðsson.
22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús.
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

### NÆTURÚTVARP

01.00 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01) .
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Ljúflingslög.** Endurtekinn þáttur frá föstudegi á rás 1 í umsjá Svanhildar Jakobsdóttur.
03.00 **Rómantíski róbótinn.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi þriðjudagsins.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.**
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

## FM 98·9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. 19.00 - **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigursteinn Másson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturdagskrá.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalög í bland við ýmsan fróðleik.
18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárliður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigursteinn Másson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturstjörnur.** Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
11.00 **Ferill og „FAN". Tónlistarþáttur E.**
12.30 **Rótartónar.**
13.30 **Kvennaútvarpið.** E.
14.30 **Í hreinskilni sagt.** E.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Samtök græningja.**
17.30 **Laust.**
18.30 **Mormónar**
19.00 **Yfir höfuð.** Valgeir Sævarsson leikur tónlist.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Kalli og Kalli.
21.00 **Goðsögnin um G.G.Gunn.** Tónlist, leikþættir, sögur o.fl. á vegum Gísla Þórs Gunnarssonar.
22.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt**

## ALFA FM·102,9

14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
24.00 **Dagskrárlok.**

## SKY MOVIES

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur
14.45 **The Littles.** Teiknimyndasería
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Is a Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.30 **Veröld Frank Bough's.** Fræðsluþáttur.
19.30 **Gemeni Man.** Kvikmynd.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.30 **Golden Soak.** Spennumyndaflokkur.

## SKY CHANNEL

15.00 **Butch and Sundance:** The Early days.
17.00 **Broadway Danny Rose.**
19.00 **Grandview USA.**
21.00 **Hennesy.**
23.00 **Chastity.**

## EUROSPORT

9.30 **Bílasport.** Shell International Motor Sport.
10.30 **Tennis.** Opna franska meistaramótið.
13.30 **Hockey.** Alþjóðleg keppni í Berlín.
14.30 **Box.** Evrópukeppni áhugamanna.
15.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
17.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á helstu viðburði síðastliðinnar viku.
18.00 **Knattspyrna.** Valdir kaflar úr úrslitleikjum í Evrópukeppnum.
20.00 **Golf.** Pro-Celebrity.
21.00 **Hockey.** Alþjóðleg keppni í Berlín.
22.00 **Rugby.** Ástralía gegn Bresku ljónunum.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Nino Firetto.** Tónlistarþáttur.
14.30 **Hotline.**
16.30 **Tracking. Tónlist og viðtöl.**
17.30 **Richard Diamond.** Sakamálamyndaflokkur.
18.00 **Íþróttir.** Snoker.
19.45 **Fréttir og veður.**
20.00 **Körfubolti. Úrslitakeppni í NBA.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



Kevin Kline og Sissy Spacek í hlutverkum sínum.

### Stöð 2 kl. 21.55:

## Lengi lifir í gömlum glæðum

Ungt fólk hittist aftur eftir nokkurra ára hlé. Í menntaskóla voru þau kærustupar en leiðir skildi við útskrift. Við endurfundina reyna þau að taka upp þráðinn á ný en ýmsir annmarkar eru fyrir hendi. Hann hefur verið kvæntur í nokkur ár, hún er ógift en mikil flökkukind og illa við öll höft.

Með aðalhlutverk fara Sissy Spacek og Kevin Kline. Bæði hafa þau hlotið óskarsveðlaun fyrir leik í öðrum myndum. Myndin fær tvær stjörnur í kvikmyndahandbókinni og fær umsögnina ánægjuleg og aðlaðandi en leiðinleg. -JJ

### Rás 1 kl. 22.30:

## Draugaskip leggur að landi

Í kvöld verður fluttur annar þáttur framhaldsleikrits útvarps. Í fyrsta þætti sagði frá auðmanninum Árna Krag-Andersen og fyrirætlunum hans um að breyta gömlu óðali, sem hann hefur keypt, í sumarhótel. Hann trúir ekki á sögusagnir um að draugagangur og bölvun fylgi staðnum. Honum verður þó ekki um sel þegar óhöpp taka að henda smiðina og ráðsmaðurinn segir upp. Eftir að hafa dvalið eina nótt í húsinu er hann sannfærður um að eitthvað óhreint sé þar á ferli.

Annar þáttur nefnist Makt myrkranna og er hver þáttur endurtekinn á fimmtudegi í sömu viku og hann er frumfluttur kl. 15.03.

-JJ



Umsjónarmenn Kviksjár í sumar verða Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.

### Rás 1 kl. 19.32:

## Kviksjá – nýir umsjónarmenn

Menningarþátturinn Kviksjá verður áfram á dagskrá í sumar, fjórum sinnum í viku, en skiptir um umsjónarmenn. Í stað Friðriks Rafnssonar og Halldóru Friðjónsdóttur koma Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir. Í þættinum er rætt um menningu og listir líðandi stundar, bókmenntir, leiklist, sögu o.s.frv. Meðal nýjunga í sumar má nefna „heimspekihorn" í umsjá ungra heimspekinema og spjall um erlendar bókmenntir sem Friðrik Rafnsson sér um. í Kviksjá er flutt leiklistar- og bókmenntagagnrýni Ríkisútvarpsins og væntanlega verður hægt að taka til skoðunar nokkrar leiksýningar og bækur í sumar. -JJ